


Orkan mín

www.orkanmin.is
Þjónustuvefur OR fyrir fyrirtæki sem vilja fylgjast með!




Nú geta fulltrúar fyrirtækja í viðskiptum við Orkuveitu Reykjavíkur farið inn á www.orkanmin.is og skráð sig inn á þjónustuvef OR sem ber heitið **Orkan mín**. Á þessum vef geta viðskiptavinir skoðað notkun sína á rafmagni, heitu og köldu vatni auk yfirlits yfir reikninga. Á einfaldan og myndrænan hátt má sjá hvernig orkunotkun í fyrirtækinu hefur þróast. Viðskiptavinum býðst nú einnig að skrá reglulega eigin álestra af orkumælum sjálfir inn og fá þannig nákvæmara yfirlit yfir notkunina.

Innskráning

Til að skrá fyrirtæki þitt í **Orkuna mína** ferðu inn á www.orkanmin.is, og skráir inn kennitölu og lykilorð. Ef þú ert ekki með lykilorð fyrir, þá smellir þú á „*Vantar þig lykilorð*“ sem er neðst á síðunni og færð sent lykilorðið í heimabanka fyrirtækisins. Næst ferðu í heimabankann og finnur lykilorðið í rafrænum skjölum (eða netyfirlitum). Eftir innskráningu getur þú smellt á „*Stillingar*“ og breytt lykilorðinu eftir þínu höfði. Hafir þú ekki kost á að sækja lykilorð í heimabanka getur þú haft samband í gegnum tölvupóst á orkanmin@or.is og fengið lykilorð eftir öðrum leiðum.

Fyrirtæki með fleiri en eina veitu í rafmagni, heitu eða köldu vatni geta í **Orkunni minni** séð yfirlit yfir alla notkunarstaði og kallað fram töflur og línurit yfir notkun allra veitna sinna, bæði fyrir einstaka veitur sem og fleiri saman. Þannig má öðlast yfirsýn yfir notkunina og koma þannig auga á tækifæri til hagræðingar. Þá eru allir reikningar fyrirtækisins aðgengilegir á Orkunni minni og hægt að kalla fram yfirlit yfir þá og flytja yfir í excel.



Skráðu inn álestra reglulega

Þar sem algengast er að lesið sé af rafmagns- og hitavatnsmælum einu sinni á ári getur verið erfitt að meta notkun eftir árstíðum auk þess sem óeðlilega mikil notkun (t.d. vegna orkufreks rafmagnstækis eða leka) uppgötvast seint. Í **Orkunni minni** býðst viðskiptavinum nú að skrá reglulega eigin álestra af orkumælum beint inn í viðskiptakerfi OR og fá þannig nákvæmara yfirlit yfir notkunina.

Á **Orkunni minni** er einnig að finna ýmis hollráð um bættu orkunýtingu og hægt að nálgast eyðublað vegna samskipta við Orkuveituna. Skráðu fyrirtæki þitt í Orkuna mína og vertu með puttann á púlsinum!